

Föstudaginn 30. okt. 1925.

Nr. 18/1925. **Böðvar Bjarkan f. h. Herm. C. Boye**

gegn

Pjetri Pjeturssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Böðvar Bjarkan f. h. Herm. C. Boye, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 6. nóv. 1925.

Nr. 17/1925.

Jörgen J. Hansen (L. Fjeldsted)

gegn

hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps

(Pjetur Magnússon).

Útsvarsmál.

Úrskurður fúgetarjettar Reykjavíkur 11. des. 1924: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina og lögtaksgjörðin á fram að ganga á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt málflutningi aðilja hjer fyrir rjettinum, er ágreiningurinn í máli þessu, sem áfrýjandinn hefir skotið hingað með stefnu 4. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 30. mars, aðeins um það, hvort hin stefnda hreppsnefnd hafi haft heimild að lögum til þess haustið 1923 að leggja útsvar á áfrýjanda, sem tekið hefir á leigu um mörg ár laxveiðirjett í

Kjarrá í Hvítársíðuhreppi, fyrir það eitt, að hann hafi aftur selt veiðirjett sinn á leigu og haft eigi alllitlar tekjur af framleigunni fardagaárið 1923/24.

4. málsg. 1. gr. laga nr. 29/1922 heimilar nú að vísu að leggja útsvar á »laxveiðiafnot« utanhreppsmanns. En viðbótin: »hvort sem laxveiðin er rekin sem atvinna eða aðeins til skemtunar og á hvern hátt sem veiðin er stunduð«, sbr. og samband þessa ákvæðis við næsta ákvæði á eftir um heimild til útsvarsálögu á utanhreppsmann fyrir ábúð eða leiguliðafnot á jörðu sýnir, að átt er við mann, sem sjálfur stundar eða lætur stunda laxveiði. Hreppsnefndina í Hvítársíðuhreppi brast því heimild til að leggja útsvar á áfrýjanda haustið 1923 fyrir þann hagnað, er hann hafði af framleigu veiðirjettar síns fardagaárið 1923/24.

Ber því að fella fógetarjettarúrskurðinn úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann ákveðinn 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Fógetaúrskurðurinn er feldur úr gildi.

Stefnda, hreppsnefndin í Hvítársíðuhreppi, greiði áfrýjanda, Jörgen J. Hansen, 200 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Málavextir eru þeir að árið 1923 lagði hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps 400 króna aukautsvar á Jörgen Hansen, verslunar-

mann á Laufásveg 59 hjer í bænum, fyrir laxveiðiafnot, sem hún taldi hann hafa í Stóru-Þverá. Þetta útsvar hefir hann neitað að greiða og því hefir hreppsnefndin krafist þess að það verði tekið lögtaki hjá honum. Það er upplýst í málinu að árið 1918, eða þar um bil, leigðu jardeigendur, sem land eiga að Stóru-Þverá í Hvítársíðu, stórkaupmanni Gran í Bergen veiði alla í ánni; en árið 1921 fjekk gjörðarþoli rjett þennan framseldan, tilkynti jardeigendum það og hefir einatt síðan komið fram sem rjett-hafi gagnvart þeim, greitt leigu og sumpart stundað veiði í ánni, sumpart leigt hana öðrum og ómótmælt haft af því riflegar tekjur. Umboðsmaður gjörðarþolans mótmælir framgangi lögtaksgjörðarinnar af þeim ástæðum að hann telur útsvarið ólöglega lagt á umbjóðanda sinn vegna þess að gjörðarþoli hafi framselt einum og öðrum afnotarjettinn, þeir stundað veiðina í ánni og á þá beri að leggja útsvarið.

Það verður að teljast viðurkent að gjörðarþoli sje samkvæmt fyrgreindum samningi, sem honum var framseldur, rjett-hafi laxveiðiafnota í Stóru-Þverá og hafi notfært sjer þau með því, meðal annars, að leigja öðrum veiðina í ánni og verður það einnig að áliti rjettarins að teljast veiðiafnot enda er því haldið fram að gjörðarþoli hafi og sumpart sjálfur stundað veiðina. Af þessum ástæðum verður fógatarjetturinn að vera þeirrar skodunar að útsvarið sje löglega álagt samkvæmt 1. gr. 4 mgr. laga nr. 29 frá 19. júní 1922.

Miðvikudaginn 11. nóv. 1925.

Nr. 31/1925.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Gísli J. Johnsen (Jón Ásbjörnsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógatarjettar Vestmannaeyja 11. mars 1925: Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Atvik þessa máls eru þau, að í marsmánuði 1924 kærðu þeir gjaldendur í Vestmannaeyjum útsvör sín